



ÚTIVERA BARNNA

Leiðavísir starfsmanna



EFNISYFIRLIT

Markmið Akrasels.....	2
Mikilvægi útiveru	2
Starfsfólk:	3
Leiksvæði	3
Virðing	4
Hugmyndir af efnivið sem hægt er að bjóða upp á.....	4
Smíðastöð:.....	4
Rennur:	4
Málning/sköpun:.....	5
Staurasvæði:.....	5
Skeifan:.....	6
Leiksvæði utan girðingar:.....	6
Garðvinna:.....	6
Nokkrar hugmyndir af útileikjum sem hægt er að kenna:	7
Útikennsla:	7
Inngrip:	7
Nokkur praktísk atriði:.....	8

MARKMIÐ AKRASELS

Börn og starfsfólk fái notið náttúrunnar, upplifi og læri að njóta hennar sér til gleði og aukins þroska.

MIKILVÆGI ÚTIVERU

Útivera barna er mjög mikilvæg og hafa rannsóknir sýnt að útivera hefur jákvæð áhrif á einbeitingu, nám, félagsleg samskipti barna og að börn sem eru mikið úti verða sjaldnar veik.



STARFSFÓLK:

Hlutverk starfsfólks í útiveru er margþætt,
megin þættir eru:

Eftirlit – Þátttaka - Fyrirmynd

Mikilvægt að starfsfólkið sé vakandi fyrir því sem gerist í útiverunni, þar sem útiveran er kjörin staður fyrir einelti. Ábyrgð starfsfólk er mikil og það á/skal alltaf að vera til staðar fyrir börnin, taka þátt og hluti af því er finna barnið í sjálfum. Virkið hæfileika ykkar í að koma með hugmyndir af leikjum sem hægt er að nota í útiveru, búið til leikefni sem börnin geta notfært sér í leiki eins og hringi og krossa fyrir myllu o.fl.

Útiveran er ekki staður fyrir starfsmannaslúður og hópamyndun starfsmanna er ekki heimil.

LEIKSVÆÐI

Leikskólinn Akrasel og nánasta umhverfi hans er vinnustaður barnanna allt frá eins og hálfárs til sex ára aldurs. Börn dvelja í leikskólanum í allt að níu klukkustundir á dag og er því mikilvægt að leikskólalóðin sé hönnuð með þarfir þeirra í huga.

Leiksvæði Akrasels er hannað með það að markmiði að börnin fái útrás fyrir leik, sköpunarkraft og hreyfingu hvort sem það er í sjálfsprottum leik eða skipulögðum.

VIRÐING

Virðing fyrir náttúrunni er mikilvægur þáttur í starfi Akrasels og það er þáttur okkar allra að kenna börnum virðingu gagnvart lífverum, landslagi, stöðum, heimkynnum annarra og náttúrunni allri. Leiksvæðið gefur okkur gullið tækifæri til að kenna börnunum í litlum og stórum hóp um mikilvægi náttúrunnar og virðingarinnar.

KENNUM ÞEIM MEÐAL ANNARS AÐ:

- Fara vel með trén og annan gróður í garðinum
- Moka í sandkassanum
- Hjóla á hjólastígum
- Fara vel með leiktækin og dót sem notað er í útiveru
- Ganga frá eftir útiveru

Munum kjörorð leikskólans:

NÁTTÚRA - NÆRING – NÆRVERA

HUGMYNDIR AF EFNIVIÐ SEM HÆGT ER AÐ BJÓÐA UPPÁ

SMÍÐASTÖÐ:

Hægt að bjóða upp á smíði og tilvalið að hafa hana inni á moltusvæðinu og takmarka fjölda inn á það svæði og hafa skipulagða vinnu. Það eru til fullt af timbri í útiskúrnum ásamt hömrum og nöglum.



RENNUR:

Börnum finnst gaman að leika sér með vatn og fyrir þeim er það eðlislægt að gera allskonar tilraunir með vatnið. Í útiskúrnum er til fullt af rennum sem börnin geta fengið í tilraunarleikinn. Með þessu er hægt að nýta annan efnivið eins og fötur eða annað verðlausan efnivið.

MÁLNING/SKÖPUN:

Góðviðrisdagar :

- Í útiskúrnunum eru til trönur sem hægt er að taka út á góðviðrisdögum og leyfa börnum að mála myndir.
- Í útiskúrnunum eru til fötur með penslum sem hægt er að setja vatn í og leyfa börnunum að „mála“. Gæti verið í tilraunarleik að sjá hvað sólin er fljót að þurrka upp vatnið.
- Gera tilraunir með moldamálningu á blað.
- Mála steina, köngla, smíðaverkin og fleira.
- Krítar eru sívinsælar á sumrin, bara að passa að börnin teikni ekki á húsin eða tréverkin.

VETRARDAGAR:

- Hægt er að sækja vatnsliti inn og leyfa börnunum að mála snjóinn og klakana.
- Börnum finnst gaman að gera tilraunir með liti og gæti verið gaman að blanda í sprej brúsa vatnslitum og leyfa börnunum að sjá og prófa sig áfram með litina.
- Á rigningadögum er hægt að nota föturnar og penslana.

STAURASVÆÐI:

Þetta svæði hefur ótal möguleika og fer það eftir hugmyndaauði okkar og barnanna hvernig við nýtum svæðið. Sem dæmi er hægt að búa til ævintýraveröld og nýta allskonar efnivið eins og vefnað í tjöld, snæri í köngulóarvef og annað verðlaust efni.



SKEIFAN:

Hefur oft verið nýtt af börnunum sem vilja setja upp leikrit eða söngatriði þar sem áhorfenda er óskað. Þetta er tilvalin staður fyrir samsöng, jóga, leiki og fleira.

LEIKSVÆÐI UTAN GIRÐINGAR:

Það er grasbali fyrir utan girðinguna sem er tilvalin fyrir fótbolta eða aðra leiki sem krefjast pláss. Það þarf að passa að það sé að minnsta kosti einn starfsmaður þar með börnunum (fer eftir fjölda barna).

GARÐVINNA:

Virkjum börnin og kennum þeim að hugsa um garðinn okkar.

- Týnum arfa
- Hreinsum beðin
- Setjum niður lauka
- Hrífum yfir moldina
- Týnum rusl.



*„Höldum áfram að vinna verkin sem þarf að vinna,
tökum mið af góðum fyrirmyndum genginna kynslóða og
afhendum vongóð nútíðina til næstu kynslóðar”*

(Gunnar Hersveinn, lifsgildin.is)

NOKKRAR HUGMYNDIR AF ÚTILEIKJUM SEM HÆGT ER AÐ KENNA:

- Í grænni lautu
- Eina króna
- Stórfiskaleikur
- Teygjutvist
- Snú snú
- Dimmalimm
- Fallin spýta
- Klósett leikurinn
- Fram fram fylking
- Ungarnir mínir komið heim
- Krókódill krókódill
- Hlaupa í skarðið
- Kötturinn og músin

ÚTIKENNSLA:

Fyrir þá sem vilja vita meira um útikennslu þá tók Arna Björk saman útikennsluhefti sem hægt er að finna í samskrá (Lækur 2019-2020 Ólöf Inga)

INNGRIP:

Engin börn eru eins og sumir eiga erfiðara með útiveru en önnur, oftast vitum við hvaða börn það eru en það er mikilvægt að við vitum að við berum öll ábyrgð á þeim úti. Sum börn „nenna“ ekki að vera úti, önnur börn leita eftir slagsmálum við aðra og enn aðrir eru hræddir eða kvíðnir einhverju sem gerist úti. Við þurfum að grípa þessi börn og finna handa þeim leið í útiverunni með spennandi verkefnum með nærveru okkar og gefa þeim hlutverk.

Ef börn meiða önnur börn þá tökum við þau í hendi, sem þýðir að við leiðum þau um garðinn í smá tíma og tökum þau úr aðstæðum sem þau voru í.

NOKKUR PRAKTÍSK ATRIÐI:

- Sá sem er skráður í fyrstu útiveru, ber ábyrgð á því að fara út á réttum tíma. Allir sem eru skráðir í útigenginu þann daginn eru staðgenglar (Ef starfsmaðurinn sem á fyrstu útiveru er fjarverandi þarf næsti að fara út).
- Allur útifatnaður sem starfsmaður notar í útiveru leikskólans eiga að vera í fataherberginu.
- Þeir starfsmenn sem eru á flakki, velja tíma til að sækja útifötin sín og gera þau klár í samráði við deildina.
- Allur fatnaður þarf að vera merktur, og mikilvægt er að fólk passi að eiga þann fatnað sem það telur sig þurfa að nota.